

FRÁSÖGN

af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 16. maí 2022.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins kom saman á fjarfundi. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Steinunn Þóra Árnadóttir, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Edva Jacobsen, formaður landsdeildar Færeyja, Siverth K. Heilmann, varaformaður landsdeildar Grænlands, Lárus Valgarðsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Sigrún Alba Sigurðardóttir, starfsmaður ráðsins, Poula Árnadóttir Lervig, starfsmaður færeysku landsdeildarinnar, og Sakarias Amondson, starfsmaður grænlenksku landsdeildarinnar. Á dagskrá var undirbúningur fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í júní 2022 og ársfund ráðsins í lok ágúst. Steinunn Þóra Árnadóttir stýrði fundinum.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins verður haldin í Qaqortoq á Suður-Grænlandi 15.–17. júní 2022 undir yfirskriftinni *Málefni ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum*. Forsætisnefnd fór yfir fundargögn og dagskrá ráðstefnunnar. Einnig voru samþykkt drög að dagskrá ársfundar Vestnorræna ráðsins sem haldinn verður 30.–31. ágúst í Nuuk á Grænlandi. Á ársfundi verður haldin sérstök umræða með þátttöku ráðherra utanríkismála frá löndunum þremur undir yfirskriftinni *Samstarf Vestnorræna ráðsins við nágrannaríki*, en auk þess verður rætt um framfylgd ályktana Vestnorræna ráðsins við samstarfsráðherra Norðurlanda á Grænlandi. Hringborð norðurslóða (e. *Arctic Circle*) heldur ráðstefnu í Nuuk dagana fyrir ársfundinn og samþykkti forsætisnefnd að senda meðlimi sérnefndar um málefni norðurslóða á ráðstefnuna. Krístrún Frostadóttir er meðlimur sérnefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildar.

Forsætisnefnd ræddi um þrjár nýjar tillögur til ályktana Vestnorræna ráðsins sem lagðar hafa verið fram fyrir ársfund ráðsins og tillögu að yfirlýsingu. Ákveðið var að fela skrifstofu ráðsins að skoða tillögurnar nánar og gera tillögu að breytingum ef þörf er á.

Þá var minnt á fyrirhugaðan fund Vestnorræna ráðsins með fulltrúum ríkis- og landsstjórna landanna þriggja um framfylgd ályktana Vestnorræna ráðsins. Fundurinn verður haldinn í utanríkisráðuneytinu á Íslandi 13. júní.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is/.